

13.fundur stjórnar FSÍ, haldinn þriðjudaginn 11.febrúar, kl.20:00 í fundarsölum ÍSÍ, Engjavegi 6.

Mættir: Þorgerður Laufey Diðriksdóttir formaður, Arnar Ólafsson varaformaður, Einar Ólafsson ritari og Guðrún Harðardóttir meðstjórnandi. Auk þess sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar, Sæunn Viggósdóttir fulltrúi nefndar um fimleika fyrir alla, Hlín Bjarnadóttir fulltrúi tækninefndar kvenna og Sigurður Hrafn Pétursson, formaður tækninefndar karla. Jafnframt sat fundinn Helgi Jóhannesson framkvæmdarstjóri FSÍ, Sólveig Jónsdóttir sviðsstjóri landsliðsmála og Íris Svavarsdóttir, sviðsstjóri fræðslumála.

Jósep Húnfjörð gjaldkeri og Olga Bjarnadóttir formaður tækninefndar í hópfimleikum boðuðu forföll. Jón Finnbogason, formaður laganefndar og Guðmundur Þór Brynjólfsson, formaður fræðslunefndar, voru boðaðir en þáðu ekki boðið.

Dagskrá:

1. International junior team cup í Berlin (boðsmót)

Sviðsstjóri landsliðsmála leggur Ísland taka þátt í International Junior Team Cup þann 4-6 apríl 2014 í Berlín, Þýskalandi. Jafnframt óskar sviðsstjóri eftir því að FSÍ greiði kostnað fyrir þjálfara á mótið og geri þannig allt að 4 keppendum kleift að taka þátt í mótinu.

Greinargerð:

Mótið er liðakeppni þar sem horft er á unga karlkyns keppenda, keppt er eftir 4-4-3 fyrirkomulagi. Gert er ráð fyrir að kostnaður við mótið verði ekki hærri en 110.000 kr, en beðið er eftir frekari upplýsingum um hagstætt flug svo gera má ráð fyrir að kostnaður lækki.

Málið rætt

Stjórn fimleikasambandsins samþykkir þessa tillögu og felur sviðsstjóra og framkvæmdastjóra afgangi málsins.

2. World cup mót í áhaldafimleikum

Sviðsstjóri landsliðsmála leggur Ísland taka þátt í Challenge Cup þann 13-16 mars 2014 í Cottbus, Þýskalandi. Jafnframt óskar sviðsstjóri eftir því að FSÍ greiði kostnað fyrir þjálfara á mótið og geri þannig allt að 4 keppendum kleift að taka þátt í mótinu.

Greinargerð:

Stúlkurnar okkar eru meðal bestu fimleikakvenna á norðurlöndum í sínum greinum. Við megum senda 4 stúlkur á þetta mót og mælist sviðsstjóri til að það verði gert enda mikilvægt að styðja vel við þá góðu bylgju sem áhaldafimleikar kvenna eru í um þessar mundir. Gert er ráð fyrir að kostnaður við ferðina verði um 175.000 en beðið er eftir frekari upplýsingum um hagstætt flug svo gera má ráð fyrir að kostnaður lækki.

Málið rætt

Stjórn fimleikasambandsins samþykkir þessa tillögu og felur sviðsstjóra og framkvæmdastjóra afgangi málsins.

3. Gestir á bikarmót í hópímleikum, 2 lið frá Danmörku

Beiðni hefur borist til FSÍ frá dönsku liði sem státt verður í æfingarbúðum hér á landi sömu helgi og bikarmótið í hópímleikum fer fram um leyfi til að keppa sem gesta keppendur á mótinu. Um er að ræða 2 lið í fyrsta flokki. Annað kvenna og hitt blandað lið.

Góð reynsla er af þátttöku gesta á hópímleika mótum okkar og mun þetta setja skemmtilegan svip á Bikarmótið að sögn THF.

Tækninefndin tekur vel í að leyfa liðunum að keppa og telur þetta vera lyftistöng fyrir mótið sjálft.

Fyrir hönd skrifstofu FSÍ,

Íris Svavarsdóttir

Málið rætt

Stjórn ímleikasambandsins samþykkir þetta erindi og felur skrifstofu afgreiðslu málsins.

4. Fjöldi keppenda, dómara og þjálfara á erlend mót

Sviðstjóri landsliðsmála leggur eftirfarandi erindi vegna fjölda keppenda á erlend mót.

- **NM í áhaldafímleikum – unglíngar og fullorðnir**
 - Haldið í Svíþjóð 16.-18. apríl
- **KK**
 - 5 keppendur í karlaflokki
 - 5 keppendur í drengjaflokki
 - 2 þjálfarar:
 - Róbert Kristmannsson í drengjaflokki
 - Guillermo Alvarez í fullorðinsflokki.
 - 3 dómara:
 - Björn Magnús Tómasson
 - Andri Wilberg Orrason
 - Daði Snær Pálsson
- **KVK**
 - 5 keppendur í kvennaflokki
 - 5 keppendur í stúlknaflökki
 - 2 þjálfarar:
 - Berglind Pétursdóttir
 - Guðmundur Þór Brynjólfsson
 - 2 dómara:
 - Þorbjörg Gísladóttir
 - Sandra Dögg Árnadóttir
- **Fararstjóri**
 - Sólveig Jónsdóttir
- **EM kvenna í áhaldafímleikum – unglíngar og fullorðnir**
 - Haldið í Sofíu í Bulgarríu 12.-18. maí
 - 5 keppendur í hvorum flokki
 - 3 þjálfarar:

- Gabor Kiss
 - Guðmundur Þór Brynjólfsson
 - Sandra Dögg Árnadóttir
- 2 dómaraar:
 - TBA
- Fararstjóri:
 - Íris Svavarsdóttir eða Sólveig Jónsdóttir
- **EM karla í áhaldafimleikum**
 - Haldið í Sofiu Bulgariu 19.-25. maí
 - 5 keppendur í hvorum flokki
 - 2 þjálfaraar:
 - Róbert Kristmannsson
 - Guillermo Alvarez
 - 2 dómaraar:
 - Björn Magnús Tómasson
 - Daði Snær Pálsson
 - Fararstjóri:
 - Íris Svavarsdóttir eða Sólveig Jónsdóttir

Málið rætt

Stjórn fimleikasambandsins samþykkir þessar tillögur og felur sviðsstjóra og framkvæmdastjóra afgreiðslu málsins.

Til kynningar

1. Tölvupóstur frá FIG varðandi varadómara á 2nd Youth Olympic Games in Nanjing, China.

Fimleikasambandið fékk þau ánægjulega tíðindi að Harpa B. Óskarsdóttir og Anton Heiðar Þórólfsson hafi verið valin sem vara-dómaraar fyrir 2nd Youth Olympic Games in Nanjing China. Bæði hafa þau samþykkt tilnefningarnaar og skrifstofan hefur látið FIG vita af því.

Stjórn fimleikasambandsins óskar Hörpu og Anton til hamingju með tilnefninguna.

2. Svar frá Íþróttasjóði varðandi umsóknir fyrir árið 2014

Fimleikasambandið sótti um 8 styrki fyrir mismunandi verkefni í Íþróttasjóð. Eitt verkefnið fékk samþykki en það er „Mótakerfi fyrir Fimleikasamband Íslands“. Styrkupp hæð er 300.000 sem verður þá varið í verkefni að fá nýtt mótakerfi.

3. Tilkygning frá UEG, varðandi niðurstöðu úr dómaraþrófi í hópfimleikum

Skrifstofa UEG sendi FSÍ tölvupóst í dag með þeim upplýsingum að þeir 8 einstaklingar sem fóru á dómara námskeið í hópfimleikum hafi staðist prófið og eru nú UEG TeamGym Judge. Þetta eru;

Auður Inga Þorsteinsdóttir

Ása Inga Þorsteinsdóttir

Björn Björnsson

Hrafnhildur M. Gunnarsdóttir

Hrefna Þorbjörg Hákonardóttir

Íris Svavarsdóttir

Olga Bjarnadóttir

Sólveig Jónsdóttir

Stjórn Fimleikasambandsins óskar nýjum UEG dómurum í hópfimleikum til hamingju með nýfengin réttindi.

4. Námskeið fyrir úrvalshópa

Fimleikasambandinu hefur borist boð frá Danmörku um að halda hér námskeið fyrir úrvalshópa. Í námskeiðinu verður farið yfir „team behaviour profile“.

Stjórn fimleikasambandsins fagnar þessu boði og telur það jákvætt fyrir úrvalshópana.

Fundi slitið kl. 21:05.